Skuldbindingar skv. skuldbindingaskrá Íslands í GATS

Almennt

Í skuldbindingaskrá Íslands í GATS er kveðið á um það hvaða skuldbindingar Ísland tekst á hendur um það annars vegar að veita þjónustuveitendum frá aðildarríkjum Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar (WTO) aðgang að markaði sínum og hins vegar að hafa ekki í gildi reglur sem fela í sér mismunun sem sé innlendum þjónustuveitendum í hag gagnvart erlendum þjónustuveitendum.

Skráin gildir gagnvart öllum aðildarríkjum WTO. Meginreglan er sú að ríkjum WTO ber að tryggja þjónustuveitendum frá öllum ríkjum WTO jafnan aðgang að eigin markaði. Sú undantekning er þó frá þeirri meginreglu að einstök ríki geta gert fríverslunarsamninga sín á milli þar sem kveðið er á um bættan aðgang fyrir þjónustuveitendur frá ríki gagnaðila. Þannig gerðist Ísland með EES-samningnum aðili að innri markaði EES fyrir þjónustu og hafa takmarkanir á þjónustuviðskiptum að langmestu leyti verið afnumdar innan EES. Sömuleiðis kveða EFTA-sáttmálinn og Hoyvíkursamningur Íslands og Færeyja á um frelsi í þjónustuviðskiptum. Í samræmi við það kveða íslensk lög á um mun greiðari aðgang fyrir þjónustuveitendur frá viðkomandi ríkjum að íslenskum markaði en á við um þjónustuveitendur frá öðrum ríkjum.

Skuldbindingaskráin er að stofni til frá árinu 1995, en GATS-samningurinn tók gildi það ár, samhliða stofnun WTO. Á næstu árum þar á eftir voru gerðar á skuldbindingum Íslands á þremur þjónustusviðum, þ.e. varðandi sjóflutninga (1996), fjarskiptaþjónustu (1997) og fjármálaþjónustu (1998).

Skuldbindingar Íslands eru tilgreindar eftir einstökum sviðum og undirsviðum þjónustu. Þar er byggt á flokkunarlista WTO[1], en það er samræmdur listi aðildarríkja WTO sem ætlað er að ná til hvers kyns þjónustustarfsemi.

Að auki eru skuldbindingar Íslands settar fram undir svokölluðum „háttum“ þjónustu, þ.e. eftir því með hvaða hætti hinn erlendi aðili veitir þjónustu sína til hérlendra aðila. Um er að ræða eftirfarandi fjóra hætti þjónustu:
Háttur 1 - Þjónusta veitt yfir landamæri (Cross-border supply): Þjónusta er veitt erlendis frá til neytanda þjónustu hér á landi. Sem dæmi má nefna ráðgjöf sem veitt er í gegnum síma.
Háttur 2 – Þjónusta þegin erlendis (Consumption abroad): Þjónusta veitt erlendis til hérlends neytanda þjónustu. Sem dæmi má nefna íslenskan ferðamann sem dvelst á hóteli í öðru landi.
Háttur 3 - Viðskiptanærvera (Commercial presence): Erlendur þjónustuveitandi kemur á fót viðskiptanærveru (starfsstöð/útibú) hér á landi þar sem þjónustan er veitt.
Háttur 4 – Dvöl erlendra einstaklinga (Presence of natural persons): Þjónusta erlendra starfsmanna erlends þjónustuveitanda (sem t.d. hefur opnað útibú hér á landi) eða dvöl erlendra sjálfstætt starfandi þjónustuveitenda sem sinna tímabundið sérhæfðri þjónustu hér á landi.

[1] Listann má nálgast á heimasíðu WTO: http://www.wto.org/english/tratop_e/serv_e/mtn_gns_w_120_e.doc

Skuldbindingaskráin skiptist í tvo hluta sem hér segir:

- *I. hluti - Almennar skuldbindingar (Horizontal commitments)*: Tilgreindar eru skuldbindingar Íslands sem eiga við um öll svið þjónustu sem Ísland skuldbindur skv. II. hluta skrárinnar. Þannig er tiltekið hvaða skuldbindingar séu veittar varðandi hátt 4 (dvöl erlendra einstaklinga) og eiga þær við almennt á þeim sviðum sem Ísland skuldbindur. Einnig eru tilgreindar takmarkaðar skuldbindingar hvað varðar ríkisstyrki. - Í I. hluta skrárinnar eru jafnframt listaðar almennar takmarkanir á skuldbindingum Íslands, þ.e. takmarkanir sem eiga við um öll svið þjónustu sem Ísland skuldbindur skv. II. hluta.
- *II. hluti - Skuldbindingar á einstökum sviðum þjónustu (Sector-specific commitments):* Listuð eru þau svið þjónustu sem Ísland skuldbindur. Jafnframt eru listaðar, fyrir einstök svið þjónustu, reglur sem Ísland áskilur sér rétt til hafa sem takmarka markaðsaðgang erlendra aðila eða jafnræði innlendra og erlendra aðila.

Lýsa má skuldbindingum Íslands í GATS með þeim hætti að Ísland skuldbindi sig til að veita erlendum þjónustuveitendum fullan aðgang að íslenskum markaði og til að mismuna ekki á milli innlendra og erlendra aðila, á þeim sviðum þjónustu sem skuldbundin eru samkvæmt II. hluta skrárinnar, nema að því marki sem takmarkanir á þeim skuldbindingum eru listaðar fyrir einstök þjónustusvið, svo og að teknu tilliti til þeirra almennu skuldbindinga og takmarkana sem listaðar eru í I. hluta skrárinnar.

I. hluti skuldbindingaskrár (Almennar skuldbindingar)

Í I. hluta skuldbindingaskrárinnar eru tilgreindar almennar skuldbindingar og almennar takmarkanir á skuldbindingum. Þessar skuldbindingar og takmarkanir gilda á öllum sviðum þjónustu sem Ísland skuldbindur skv. II. hluta skrárinnar.

Tekið er fram að skuldbindingar Íslands um markaðsaðgang erlendra þjónustuveitenda séu afar takmarkaðar hvað varðar hátt 4 (dvöl erlendra einstaklinga). Þær einskorðast þannig við annars vegar tímabundnar heimildir fyrir tiltekna lykilstarfsmenn erlendra fyrirtækja (stjórnendur og sérfræðinga) til að starfa hér á landi og hins vegar heimildir fyrir fulltrúa erlendra þjónustuveitenda til skammtíma dvalar í tengslum við samningaviðræður um sölu á þjónustu sem ekki beinist að almenningi.

Þá eru tilgreindar mjög takmarkaðar skuldbindingar vegna ríkisstyrkja[2] er geta einungis átt við um hátt 3, þ.e. þegar erlendur aðili hefur stofnað fyrirtæki hér á landi.

Að auki eru í I. hluta skuldbindingarskrárinnar tilgreindar almennar takmarkanir á skuldbindingum Íslands, sem eiga við á öllum sviðum þjónustu sem Ísland skuldbindur. Þessar almennu takmarkanir varða eftirfarandi atriði:

Markaðsaðgangur erlendra þjónustuveitenda:
- Takmarkanir á heimildum aðila búsettra erlendis til fjárfestinga í atvinnustarfsemi hér á landi.
- Erlend ríki og félög og stofnanir í þeirra eigu þurfa sérstakt leyfi til að fjárfesta hér á landi.
- Takmarkanir á heimildum aðila búsettra erlendis til að kaupa eða leigja fasteignir hér á landi.

[2] Hugtakið ríkisstyrkir hefur ekki verið skilgreint í GATS.

- Tilgreint að tilkynningaskylda sé til Seðlabanka Íslands vegna hvers kyns erlendra fjárfestinga og gjaldeyrisfærslna. Einnig upplýst um almennar reglur um leyfisveitingar vegna viðskipta með vöru eða þjónustu.[3]

Jafnræði milli innlendra og erlendra þjónustuveitenda:

- Tilgreint er hvort EES-reglur geti átt við um dótturfélög eða útibú fyrirtækja í tilteknum tilvikum.[4]
- Skilyrði um að framkvæmdastjóri og meirihluti stjórnarmanna í hérlendum félögum eigi lögheimili hér á landi, en þó unnt að fá undanþágur frá því skilyrði.
- Búsetuskilyrði vegna a.m.k. eins af endurskoðendum íslenskra hlutafélaga.

II. hluti skuldbindingaskrár
(Skuldbindingar á einstökum sviðum þjónustu)

Eftirfarandi er yfirlit yfir öll svið/undirsvið þjónustu skv. flokkunarlista WTO. Yfirlitinu er skipt upp eftir 12 meginflokkum þjónustu samkvæmt lista WTO. Tilgreint er hvaða svið/undirsvið þjónustu falla undir hvern flokk og hvort Ísland hafi skuldbundið þau svið/undirsvið. Í lok umfjöllunar um hvern flokk eru tilgreindar þær takmarkanir sem Ísland áskilur sér hvað varðar annars vegar markaðsaðgang erlendra aðila og hins vegar mismunun milli innlendra og erlendra aðila, á þeim sviðum/undirsviðum þjónustu sem falla undir viðkomandi flokk.

1. Viðskiptaþjónusta

Viðskiptaþjónusta (Business services) skiptist í sex þjónustusvið sem skiptast í 46 undirsvið. Á eftirfarandi yfirliti má sjá um hvaða svið er að ræða og í hvaða tilvikum Ísland tekst á hendur skuldbindingar.

Íslenskt heiti	**Enskt heiti**	**Skuldbundið**
A. ATVINNUÞJÓNUSTA	A. PROFESSIONAL SERVICES:	
Lögfræðiþjónusta[5]	Legal Services	Já
Framtals-, endurskoðunar- og bókhaldsþjónusta	Accounting, auditing and book-keeping services	Já
Þjónusta tengd álagningu skatta	Taxation Services	Já
Arkitektaþjónusta	Architectural services	Já
Verkfræðiþjónusta	Engineering services	Já
Samræmd verkfræðiþjónusta	Integrated engineering services	Já
Borgarskipulags- og landslagarkitektúrþjónusta	Urban planning and landscape architectural services	Já
Lyfja- og tannlæknaþjónusta	Medical and dental services	Nei
Dýralæknaþjónusta	Veterinary services	Já
Þjónusta sem ljósmæður, hjúkrunarfræðingar, sjúkraþjálfar og sjúkraflutningamenn veita	Services provided by midwives, nurses, physiotherapists and para-medical personell	Nei
Önnur	Other	Já

[3] Þessar reglur eru listaðar í upplýsingaskyni, enda þótt þær feli ekki í sér takmörkun á markaðsaðgangi skv. XVI. gr. GATS.
[4] Reglurnar varða EES-rétt og eru tilgreindar í upplýsingaskyni enda þótt þær feli ekki í sér takmörkun á jafnræði milli innlendra og erlendra þjónustuveitenda skv. XVII. gr. GATS.
[5] Skuldbindingar Íslands ná einungis til lögfræðiráðgjafar varðandi alþjóðalög og erlenda löggjöf.

B. TÖLVUÞJÓNUSTA OG TENGD ÞJÓNUSTA:	B.COMPUTER AND RELATED SERVICES:	
Ráðgjafarþjónusta tengd ísetningu íhluta tölvubúnaðar	Consultancy services related to the installation of computer hardware	Já
Þjónusta tengd uppsetningu hugbúnaðarpara	Software implementation services	Já
Gagnavinnsluþjónusta	Data processing services	Já
Gagnagrunnsþjónusta	Data base services	Já
Önnur	Other	Já
C. ÞJÓNUSTA TENGD RANNSÓKNUM OG ÞRÓUN	C.RESEARCH AND DEVELOPMENT SERVICES	
Rannsókna- og þróunarþjónusta á sviði náttúruvísinda	R&D services on natural sciences	Já
Rannsókna- og þróunarþjónusta á sviðum félags- og mannvísinda	R&D services on social sciences and humanities	Já
Þjónusta tengd rannsóknum og þróun v. þverfaglegra vísinda	Interdisciplinary R&D services	Já
D. FASTEIGNAÞJÓNUSTA:	D. REAL ESTATE SERVICES:	
Vegna eigin – eða leigðrar eignar	Involving own or leased property	Já
Á grundvelli greiðslu eða samnings	On a fee or contract basis	Já
E. LEIGA/AFNOTALEIGA ÁN STJÓRNENDA	E.RENTAL/LEASING SERVICES WITHOUT OPERATORS	
Vegna skipa	Relating to ships	
Vegna flugvéla	Relating to aircraft	Já
Vegna annarra flutningstækja	Relating to other transport equipment	Já
Vegna annarra tækja og búnaðar	Relating to other machinery and equipment	Já
Annað	Other	Já
F. ÖNNUR VIÐSKIPTAÞJÓNUSTA:	F. OTHER BUSINESS SERVICES	
Auglýsingaþjónusta	Advertising services	Já
Markaðsrannsóknir og skoðanakannanir	Market research and public opinion	Já
Stjórnunarráðgjafarþjónusta	Management consulting service	Já
Þjónusta tengd stjórnunarráðgjöf	Services related to man. consulting	Já
Þjónusta tengd tæknilegum prófunum og greiningu	Technical testing and analysis serv.	Já
Þjónusta tengd landbúnaði, veiðum og skógrækt	Services incidental to agriculture, hunting and forestry	Já
Þjónusta tengd fiskveiðum	Services incidental to fishing	Nei
Þjónusta tengd námuvinnslu	Services incidental to mining	Nei
Þjónusta tengd framleiðslu	Services incidental to manufacturing	Já
Þjónusta tengd orkudreifingu	Services incidental to energy distribution	Nei
Vinnumiðlun og ráðningarþjónusta	Placement and supply services of Personnel	Já
Rannsóknir og öryggi	Investigation and security	Nei
Tengd vísindaleg og tæknileg ráðgjafarþjónusta	Related scientific and technical consulting services	Já
Viðgerðir og viðhald tækja annarra en skipa, flugvéla og annarra flutningstækja	Maintenance and repair of equipment (not including maritime vessels, aircraft or other transport equipment)	Já
Ræstingar í byggingum	Building-cleaning services	Já
Ljósmyndunarþjónusta	Photographic services	Já
Pökkunarþjónusta	Packaging services	Já
Prentun, útgáfa	Printing, publishing	Já
Ráðstefnuþjónusta	Convention services	Já
Önnur	Other	Nei

Eftirfarandi takmarkanir eru tilgreindar á skuldbindingum á einstökum sviðum/undirsviðum sem skuldbundin eru samkvæmt framansögðu:

Lögfræðiþjónusta:
Markaðsaðgangur: Félagar í Lögmannafélagi Íslands hafi einir rétt til að koma fram fyrir hönd skjólstæðinga sinna fyrir íslenskum dómstólum (háttur 4).
Jafnræði: Íslenskt lagapróf eða sambærilegt próf og búseta hér á landi í a.m.k. eitt ár er skilyrði þess að heimilt sé að veita lögfræðiþjónustu sem félagi í Lögmannafélagi Íslands (hættir 1, 3 og 4).

Framtals-, endurskoðunar- og bókhaldsþjónusta:
Markaðsaðgangur: Krafa um búsetu hér á landi til að mega veita þjónustu. Einnig krafa um próf hér á landi fyrir löggilta endurskoðendur, undanþágur veittar frá því skilyrði (háttur 4).

Dýralæknaþjónusta:
Markaðsaðgangur: Takmarkaður fjöldi dýralækna er í dreifbýli (háttur 4).
Jafnræði: Krafa um íslenskukunnáttu (hættir 3 og 4).

Gagnavinnsluþjónusta/gagnagrunnsþjónusta/önnur tölvu- og tengd þjónusta:
Jafnræði: Leyfi þarf til vinnslu persónulegra upplýsinga utan íslenskrar lögsögu (háttur 1).

Rannsókna- og þróunarþjónusta á sviði náttúruvísinda:
Jafnræði: Leyfi þarf til innflutnings rannsóknatækja. Leyfi þarf til útflutnings á náttúrugripum (hættir 1 og 2). Erlendum aðilum er óheimilt að stunda rannsóknir á sviði náttúruvísinda nema að fengnu leyfi (hættir 3 og 4).

Rannsókna- og þróunarþjónusta á sviðum félags- og mannvísinda:
Jafnræði: Óheimilt að flytja fornleifar úr landi nema að fengnu leyfi (hættir 1-2). Leyfi fornleifanefndar þarf til fornleifarannsókna hér á landi háðar leyfi (hættir 3 og 4).

Fasteignaþjónusta vegna eigin – eða leigðrar eignar/á grundvelli greiðslu eða samnings:
Markaðsaðgangur: Krafa um framlagningu geymslufjár eða ábyrgðartryggingar vegna mögulegs tjóns viðskiptavina. Leyfi til sölu fasteigna bundin við einstaklinga (hættir 3 og 4).
Jafnræði: Skilyrði um eins árs búsetu vegna veitingar leyfis til sölu fasteigna eða jarða (hættir 3 og 4).

Leiga/afnotaleiga án stjórnenda:
Markaðsaðgangur: Einungis félögum með takmarkaðri ábyrgð (fjármögnunarleigufyrirtæki) eða skráðum viðskiptabönkum eða sparisjóðum er heimilt að veita fjármögnunarleiguþjónustu (háttur 3).
Jafnræði: Meirihluti stjórnarmanna fjármögnunarleigufyrirtækja skal vera búsettir hér á landi og framkvæmdastjórinn skal vera búsettur á Íslandi og ríkisborgari eins Norðurlandanna (háttur 3).

Skipaleiga:
Markaðsaðgangur: Skilyrði skráningar skips í skipaskrá að skipið sé í eigu íslensks einstaklings eða fyrirtækis, með búsetu á Íslandi. Frekari takmarkanir varðandi þjóðerni eiga við um fiskiskip (háttur 3).

Flugvélaleiga:
Markaðsaðgangur: Skilyrði skráningar flugvélar í flugvélaskrá að flugvélin sé í eigu íslensks einstaklings eða fyrirtækis, með búsetu á Íslandi (háttur 3).

Leiga annarra flutningstækja:
Jafnræði: Búseta hér á landi skilyrði fyrir rekstri bílaleigu (hættir 3 og 4).

Markaðsrannsóknir og skoðanakannanir:
Jafnræði: Leyfi þarf til að vinna persónulegar upplýsingar utan íslenskrar lögsögu (háttur 1).

Prentun og útgáfa:
Markaðsaðgangur: Krafa um íslenskt ríkisfang eða búsetu í a.m.k. eitt ár vegna útgáfu dagblaða og tímarita. Krafa um ríkisfang og búsetu útgefenda (hættir 3 og 4).

2. Samskiptaþjónusta

Samskiptaþjónusta (Communication services) skiptist í fimm þjónustusvið sem skiptast í 21 undirsvið. Á eftirfarandi yfirliti má sjá um hvaða svið er að ræða og í hvaða tilvikum Ísland tekst á hendur skuldbindingar.

Íslenskt heiti	**Enskt heiti**	**Skuldbinding**
A. PÓSTÞJÓNUSTA	A. POSTAL SERVICES	Nei
B. HRAÐFLUTN.ÞJÓNUSTA	B. COURIER SERVICES	Nei
C. FJARSKIPTAÞJÓNUSTA:	C. TELECOMMUNICATION SERVICES:	
Talsímaþjónusta	Voice telephone services	Já
Pakkaskipt gagnaflutningaþjónusta	Packet-switched data transmission services	Já
Línuskipt gagnaflutningaþjónusta	Circuit-switched data transmission services	Já
Fjarritaþjónusta	Telex services	Já
Símskeytaþjónusta	Telegraph services	Já
Faxþjónusta	Facsimile services	Já
Þjón. v. leigurásar einkaaðila	Private leased circuit services	Já
Tölvupóstar	Electronic mail	Já
Símaskilaboð	Voice mail	Já
Beintengd upplýsingaveita	On-line information and data base retrieval	Já
Rafræn gagnaskipti (EDI)	Electronic data interchange (EDI)	Já
Sérstaklega styrkt/virðisaukandi bréfsíma-þjónusta, þ.m.t. að geyma og senda áfram og geyma og endurheimta	Enhanced/value-added facsimile services, incl. store and forward, store and retrieve	Já
Umkóðun og útskipting á samskiptareglu	code and protocol conversion	Já
Beinlínutengd upplýsinga- og/eða gagnavinnsla (þ.m.t. færslufremd)	on-line information and/or data processing (including transaction processing)	Já
Önnur[6]	Other	Já
D. HLJÓÐ- OG MYNDMIÐL.ÞJÓN.	D. AUDIOVISUAL SERVICES:	
Gerð kvikmynda og myndbanda og dreifingarþjónusta	Motion picture and video tape production and distribution services	Nei
Kvikmyndasýningar	Motion picture projection service	Nei
Útvarps- og sjónvarpsþjónusta	Radio and television services	Nei
Útsendingarþjónusta vegna útvarps og	Radio and television transmission services	Nei

[6] Skuldbindingar Íslands á þessu undirsviði takmarkast til þjónustu fyrir farsíma og farsímakerfi.

sjónvarps		
Hljóðupptökur	Sound recording	Nei
Önnur	Other	Nei

Engar takmarkanir eru tilgreindar á skuldbindingum á einstökum sviðum/undirsviðum sem skuldbundin eru samkvæmt framansögðu:

3. Byggingarþjónusta og tengd verkfræðiþjónusta.

Byggingarþjónusta og tengd verkfræðiþjónusta (Construction and related engineering services) skiptist í fimm þjónustusvið en ekki er um frekari uppskiptingu að ræða. Á eftirfarandi yfirliti má sjá um hvaða svið um er að ræða og í hvaða tilvikum Ísland tekst á hendur skuldbindingar.

Íslenskt heiti	**Enskt heiti**	**Skuldbinding**
A. ALMENN BYGGINGARVINNA	A.GENERAL CONSTRUCTION WORK FOR BUILDINGS	Já
B. ALMENN BYGGINGARVINNA FYRIR MANNVIRKI	B.GENERAL CONSTRUCTION WORK FOR CIVIL ENGINEERING	Já
C. UPPSETNINGAR- OG SAMSETNINGARVINNA	C. INSTALLATION AND ASSEMBLY WORK	Já
D. VINNA VIÐ LOK OG FRÁGANG BYGGINGA	D. BUILDING COMPLETION AND FINISHING WORK	Já
E. ÖNNUR	E. OTHER	Nei

Engar takmarkanir eru tilgreindar á skuldbindingum á einstökum sviðum/undirsviðum sem skuldbundin eru samkvæmt framansögðu.

4. Dreifingarþjónusta

Dreifingarþjónusta (Distribution services) skiptist í fimm þjónustusvið en ekki er um frekari uppskiptingu að ræða. Á eftirfarandi yfirliti má sjá um hvaða svið um er að ræða. Í öllum tilvikum tekst Ísland á hendur skuldbindingar.

Íslenskt heiti	**Enskt heiti**	**Skuldbinding**
A. UMBOÐSSALA	A. COMMISSION AGENTS' SERVICES	Já
B. HEILDSÖLUÞJÓNUSTA	B. WHOLESALE TRADE SERVICES	Já
C. SMÁSÖLUÞJÓNUSTA	C. RETAILING SERVICES	Já
D. SÉRLEYFI	D. FRANCHISING	Já
E. ÖNNUR	E. OTHER	Já

Sá fyrirvari er settur við skuldbindingar Íslands á fyrrgreindum þjónustusviðum að þær taki ekki til viðskipta með vopn, áfenga drykki, tóbak og lyf. Að öðru leyti eru engar takmarkanir tilgreindar á skuldbindingum á einstökum sviðum/undirsviðum sem skuldbundin eru samkvæmt framansögðu.

5. Menntunarþjónusta

Menntunarþjónusta (Educational services) skiptist í fimm þjónustusvið en ekki er um frekari uppskiptingu að ræða. Á eftirfarandi yfirliti má sjá um hvaða svið er að ræða. Ísland tekst ekki á hendur neinar skuldbindingar á þessum sviðum þjónustu.

Íslenskt heiti	**Enskt heiti**	**Skuldbinding**
A. MENNTUNARÞJÓNUSTA Á GRUNNSKÓLASTIGI	A. PRIMARY EDUCATION SERVICES	Nei
B. MENNTUNARÞJÓNUSTA Á FRAMHALDSSKÓLASTIGI.	B. SECONDARY EDUCATION SERVICES	Nei
C. MENNTUNARÞJÓNUSTA Á ÆÐRA MENNTUNARSTIGI	C. HIGHER EDUCATION SERVICES	Nei
D. MENNTUN FULLORÐINNA	D. ADULT EDUCATION	Nei
E.ÖNNUR MENNTUNARÞJÓNUSTA	E. OTHER EDUCATION SERVICES	Nei

6. Umhverfisþjónusta

Umhverfisþjónusta (Environmental services) skiptist í fjögur þjónustusvið en ekki er um frekari uppskiptingu að ræða. Á eftirfarandi yfirliti má sjá um hvaða svið er að ræða. Í öllum tilvikum tekst Ísland á hendur skuldbindingar.

Íslenskt heiti	**Enskt heiti**	**Skuldbinding**
A. FRÁVEITUÞJÓNUSTA	A. SEWAGE SERVICES	Já
B. SORPFÖRGUNARÞJÓNUSTA	B. REFUSE DISPOSAL SERVICES	Já
C. HREINSUNARDEILDIR OG SKYLD ÞJÓNUSTA	C. SANITATION AND SIMILAR SERVICES	Já
D. ÖNNUR	D. OTHER	Já

Eftirfarandi takmarkanir eru tilgreindar á skuldbindingum á einstökum sviðum/undirsviðum sem skuldbundin eru samkvæmt framansögðu:

<u>Fráveituþjónusta, sorpförgunarþjónusta, önnur umhverfisþjónusta:</u>
Markaðsaðgangur: Krafa um umhverfisstarfsleyfi (takmörkun á markaðsaðgangi, hættir 3- 4).

<u>Öll ofangreind svið:</u>
Tilgreint er að ekki séu teknar skuldbindingar varðandi umhverfisþjónustu sem veitt sé yfir landamæri frá öðru landi (háttur 1), þar sem ekki sé tæknilega framkvæmanlegt að veita þjónustuna með þeim hætti.

7. Fjármálaþjónusta

Fjármálaþjónusta (Financial services) skiptist í þrjú þjónustusvið sem skiptast í 16 undirsvið. Á eftirfarandi yfirliti má sjá um hvaða svið um er að ræða og í hvaða tilvikum Ísland tekst á hendur skuldbindingar.

Íslenskt heiti	**Enskt heiti**	**Skuldbinding**
A. ÞJÓNUSTA TENGD TRYGGINGUM:	A. ALL INSURANCE AND INSURANCE-RELATED SERVICES:	
Líf-, slysa- og sjúkratryggingaþjónusta	Life, accident and health insurance services	Já
Skaðatryggingaþjónusta	Non-life insurance services	Já
Endurtryggingar	Reinsurance and retrocession	Já
Stoðþjónusta við vátryggingar (þ.m.t. tryggingamiðlun og þjónusta tryggingaumboða)	Services auxiliary to insurance (including broking and agency services)	Já
B. BANKA- OG FJÁRMÁLA-ÞJÓNUSTA (AÐ TRYGGINGAR-STARFSEMI UNDANSKILINNI)	B. BANKING AND OTHER FINANCIAL SERVICES (EXCL. INSURANCE):	
Móttaka á innlánum og öðrum endurgreiðanlegum fjármunum frá almenningi	Acceptance of deposits and other repayable funds from the public	Já
Allar tegundir útlána, þar á meðal neytendalán, veðlán, kröfukaup og rekstrarlán	Lending of all types, incl., inter alia, consumer credit, mortgage credit, factoring and financing of commercial transaction	Já
Fjármögnunarleiga	Financial leasing	Já
Öll þjónusta við greiðslu og millifærslu peninga	All payment and money transmission services	Já
Ábyrgðir og skuldbindingar	Guarantees and commitments	Já
Viðskipti fyrir eigin reikning eða fyrir reikning viðskiptavina, hvort sem er á verðbréfaþingi, utan verðbréfamarkaða (OTC) eða með öðrum hætti, með eftirfarandi: - peningamarkaðsgerninga (ávísanir, víxla, innlánsskírteini o.s.frv.), -erlendan gjaldeyri, -afleidd skjöl, þar á meðal, en þó ekki eingöngu, framtíðarsamninga og valrétt, -gengis- og vaxtasamninga, þar á meðal skiptasamninga og framvirka vaxtasamninga - framseljanleg verðbréf önnur viðskiptabréf og fjáreignir, þar á meðal silfur og gull í stöngum	Trading for own account or for account of customers, whether on an exchange, in an over-the-counter market or otherwise, the following: - money market instruments (cheques, bills, certificate of deposits, etc.) - foreign exchange - derivative products incl., but not limited to, futures and options - exchange rate and interest rate instruments, inclu. products such as swaps, forward rate agreements, etc. - transferable securities other negotiable instruments and financial assets, incl. bullion	Já
Þátttaka í útgáfu hvers konar verðbréfa, þ.á m. sölutrygging og milliganga um markaðssetningu (hvort sem um er að ræða almennt útboð eða lokað útboð) og þjónusta sem er veitt í tengslum við slíka útgáfu	Participation in issues of all kinds of securities, incl. under-writing and placement securities, incl. under-writing and placement as agent (whether publicly or privately) and provision of service related to such issues	Já
Peningamiðlun	Money broking	Já
Eignastýring, svo sem sjóðstýring eða stjórnun eignarsafns, allar tegundir sameiginlegrar fjárfestingarstýringar, lífeyrissjóðsstýringar og vörslu-, innlána- og fjárhaldsþjónustu	Asset management, such as cash or portfolio management, all forms of collective investment management, pension fund management, custodial depository and trust services	Já
Uppgjörs- og greiðslujöfnunarþjónusta vegna fjáreigna, þ.m.t. verðbréf, afleidd	Settlement and clearing services for financial assets, incl. securities, derivative products, and	Já

skjöl og önnur viðskiptabréf	other negotiable instruments	
Ráðgjafarþjónusta og önnur stoðþjónusta á sviði fjármála tengd allri þeirri starfsemi sem er talin upp í 1. gr. B í MTN.TNC/W/50, þar á meðal upplýsingar um lánstraust og lánsmat, rannsókn og ráðgjöf varðandi fjárfestingu og eignasöfn, ráðgjöf varðandi kaup og varðandi endurskipulagningu fyrirtækja og stefnumörkun þeirra	Advisory and other auxiliary financial services on all the activities listed in Article 1B of MTN.TNC/W/50, incl. credit reference and analysis, investment and portfolio research and advice, advice on acquisitions and on corporate restructuring and strategy	Já
Veiting og yfirfærsla fjárhagsupplýsinga og fjárhagsleg gagnavinnsla og hugbúnaður er þessu tengist frá þeim sem veita aðra fjármálaþjónustu	Provision and transfer of financial information, and financial data processing and related software by providers of other financial services	Já
C. ÖNNUR	C. OTHER	Nei

Eftirfarandi takmarkanir eru tilgreindar á skuldbindingum á einstökum sviðum/undirsviðum sem skuldbundin eru samkvæmt framansögðu:

A. Þjónusta tengd tryggingum (öll undirsvið):
Markaðsaðgangur:

- Einungis íslenskum tryggingafélögum og tryggingafélögum frá öðrum EES-ríkjum með starfsleyfi er heimilt að bjóða frumtryggingar. (háttur 1).
- Einungis vátryggingamiðlurum sem til þess hafa hlotið leyfi hjá viðskiptaráðuneytinu eða lögbærum stjórnvöldum í öðru EES-ríki er heimilt að veita vátryggingamiðlunarþjónustu (háttur 1).
- Tryggingafélög frá ríkjum sem ekki hafa staðfestu í EES-ríki þurfa leyfi til að stofna útibú hér á landi (háttur 3).
- Fjárfestum, hvort sem þeir búa á Íslandi eða erlendis, sem eignast eða hyggjast eignast virkan eignarhlut í tryggingafélagi verða að tilkynna Tryggingaeftirliti[7] um það fyrirfram. Eftirlitið getur hafnað eignarhaldinu eða beitingu þess ef það telur að eignarhaldið muni hafa áhrif á trausta starfsemi félagsins (háttur 3).

Jafnræði:

- Stofnendur tryggingafélags verða að vera búsettir á Íslandi, lögaðilar skrásettir á Íslandi, ríkisborgarar annars EES-ríkis búsettir í EES-ríki eða lögaðilar skrásettir í EES-ríki (háttur 3).
- Útibúum tryggingafélaga utan EES verður að vera stjórnað af umboðsmanni með búsetu hér á landi (háttur 3).
- Vátryggingamiðlarar verða að vera búsettir á Íslandi eða borgarar eða lögaðilar annars EES-ríkis með búsetu í EES-ríki (háttur 3).

B. Bankaþjónusta og önnur fjármálaþjónusta:
Markaðsaðgangur:

- Lánastofnanir og félög sem veita verðbréfaþjónustu, með staðfestu utan EES þurfa leyfi viðskiptaráðuneytisins til að stofna útibú eða umboðsskrifstofu hér á landi. (háttur 3).
- Lánastofnanir og félög sem veita verðbréfaþjónustu verða að vera sett á stofn sem félag með takmarkaðri ábyrgð (háttur 3).

[7] Nú Fjármálaeftirlit.

- Viðskiptabankar og sparisjóðir eiga einkarétt á að taka við geymslufé og öðrum endurgreiðanlegum fjármunum frá almenningi (háttur 3).
- Einungis verðbréfafyrirtækjum og öðrum aðilum sem fengið hafa leyfi til að veita slíka þjónustu er heimilt að annast almennt útboð verðbréfa (háttur 3).

Jafnræði:
- Fjármálastofnunum hér á landi ber að upplýsa Seðlabanka Íslands um stöðu reikninga í eigu þjónustuveitenda sem ekki eru búsettir á Íslandi (háttur 1).
- Stofnandi lánastofnunar skal vera einstaklingur eða lögaðili sem búsettur er hér á landi. Viðskiptaráðuneytið getur veitt undanþágur frá þessu skilyrði. Borgarar og lögaðilar frá öðrum EES-ríkjum eru undanþegnir skilyrðinu um búsetu (háttur 3).
- Krafa um búsetu hér á landi vegna stjórnenda og stjórnarmanna lánastofnana og félaga sem veita þjónustu vegna verðbréfa og verðbréfasjóða. Borgarar annarra EES-ríkja eru undanþegnir búsetuskilyrðinu. Viðskiptaráðherra getur veitt borgurum ríkja utan EES-svæðisins undanþágu frá búsetuskilyrðinu (háttur 3).
- Þjónustuveitendum ber að upplýsa viðskiptaráðuneytið um fjárfestingar aðila sem ekki eru búsettir á Íslandi í félögum hér á landi og Seðlabankanum um fjárfestingar aðila sem ekki eru búsettir á Íslandi í verðbréfum. (háttur 3).

8. Heilsutengd þjónusta og félagsleg þjónusta

Heilsutengd þjónusta og félagsleg þjónusta (Health-related and social services) skiptist fjögur þjónustusvið en ekki er um frekari skiptingu að ræða. Ísland tekst ekki á hendur neinar skuldbindingar á þessum sviðum þjónustu.

Íslenskt heiti	**Enskt heiti**	**Skuldbinding**
A. SPÍTALAÞJÓNUSTA	A. HOSPITAL SERVICES	Nei
B. ÖNNUR ÞJÓNUSTA TENGD HEILBRIGÐI MANNA	B. OTHER HUMAN HEALTH SERVICES	Nei
C. FÉLAGSLEG ÞJÓNUSTA	C. SOCIAL SERVICES	Nei
D. ÖNNUR	D. OTHER	Nei

9. Ferðamennska og ferðatengd þjónusta

Ferðamennska og ferðatengd þjónusta (Tourism and travel related services) skiptist í fjögur þjónustusvið en ekki er um frekari skiptingu að ræða Á eftirfarandi yfirliti má sjá um hvaða svið er að ræða og í hvaða tilvikum Ísland tekst á hendur skuldbindingar.

Íslenskt heiti	**Enskt heiti**	**Skuldbinding**
A. HÓTEL OG VEITINGAHÚS (Þ.M.T SALA Á TILBÚNUM MAT)	A. HOTELS AND RESTAURANTS (INCL. CATERING)	Já
B. ÞJÓNUSTA FERÐASKRIFSSTOFA OG SKIPULEGGJENDA FERÐA	B.TRAVEL AGENCIES AND TOUR OPERATORS SERVICES	Já
C. ÞJÓNUSTA LEIÐSÖGUMANNA	C. TOURIST GUIDES SERVICES	Já

D. ÖNNUR	D. OTHER	Nei

Eftirfarandi takmarkanir eru tilgreindar á skuldbindingum á einstökum sviðum/undirsviðum sem skuldbundin eru samkvæmt framansögðu:

Hótel og veitingahús (þ.m.t. sala á tilbúnum mat):
Jafnræði: Skilyrði fyrir leyfisveitingu er eins árs búseta (hættir 3 og 4).

Þjónusta ferðaskrifsstofa og skipuleggjenda ferða:
Markaðsaðgangur: Krafa um geymslufé eða ábyrgðartryggingu vegna mögulegs tjóns viðskiptavina (hættir 3 og 4).
Jafnræði: Skilyrði fyrir leyfisveitingu er eins árs búseta framkvæmdastjóra (hættir 3 og 4).

Þjónusta leiðsögumanna:
Jafnræði: Heimild til að veita leiðsögumannaþjónustu takmörkuð við leiðsögumenn sem búsettir eru hér á landi og til þess hafa hlotið leyfi. Leiðsögumenn búsettir erlendis geta fengið tímabundin leyfi til leiðsögu (háttur 4).

10. Þjónusta á sviðum afþreyingar, menningar og íþrótta

Þjónusta á sviðum afþreyingar, menningar og íþrótta (Recreational, cultural and sporting services (other than audiovisual services)) skiptist í fimm þjónustusvið en ekki er um frekari uppskiptingu að ræða. Á eftirfarandi yfirliti má sjá um hvaða svið um er að ræða. Í öllum tilvikum tekst Ísland á hendur skuldbindingar.

Íslenskt heiti	**Enskt heiti**	**Skuldbinding**
A. AFÞREYINGARÞJÓNUSTA (Þ.M.T. ÞJÓNUSTA VEGNA LEIKHÚSA, HLJÓMSVEITA Á SVIÐI OG SIRKÚSA)	A. ENTERTAINMENT SERVICES (INCLUDING THEATRE, LIVE BANDS AND CIRCUS SERVICES)	Já
B. ÞJÓNUSTA FRÉTTASTOFA	B. NEWS AGENCY SERVICES	Já
C. BÓKASÖFN, SKJALASÖFN, SÖFN OG ÖNNUR MENNINGARÞJÓNUSTA	C. LIBRARIES, ARCHIVES, MUSEUMS AND OTHER CULTURAL SERVICES	Já
D. ÍÞRÓTTA- OG ÖNNUR AFÞREYINGARÞJÓNUSTA	D. SPORTING AND OTHER RECREATIONAL SERVICES	Já
E. ÖNNUR	E. OTHER	Já

Eftirfarandi takmarkanir eru tilgreindar á skuldbindingum á einstökum sviðum/undirsviðum sem skuldbundin eru samkvæmt framansögðu:

Afþreyingarþjónusta (þ.m.t. þjónusta vegna leikhúsa, hljómsveita á sviði og sirkúsa):
Jafnræði: Fjárhagslegur stuðningur er veittur tiltekinni staðbundinni, svæðisbundinni eða landsbundinni starfsemi (háttur 3).

Þjónusta fréttastofa:
Markaðsaðgangur: Skilyrði um leyfi viðkomandi stjórnvalda vegna heimilda til stjórnunarstarfa (hættir 1-3). Áskilið að ritstjórar blaða og tímarita hafi íslenskt ríkisfang og búsetu hér á landi (háttur 4).

Bókasöfn, skjalasöfn, söfn og önnur menningarþjónusta:
Jafnræði: Fjárhagslegur stuðningur er veittur tiltekinni staðbundinni, svæðisbundinni eða landsbundinni starfsemi (háttur 3).

Íþrótta- og önnur afþreyingarþjónusta:
Markaðsaðgangur: Leyfi þarf vegna veðmálastarfsemi, reksturs peningavéla og sambærilegrar starfsemi. Tilgreint um bann við hnefaleikum á Íslandi (hættir 3 og 4).
Jafnræði: Fjárhagslegur stuðningur er veittur tiltekinni staðbundinni, svæðisbundinni eða landsbundinni starfsemi (háttur 3).

Önnur þjónusta:
Jafnræði: Fjárhagslegur stuðningur er veittur tiltekinni staðbundinni, svæðisbundinni eða landsbundinni starfsemi (háttur 3).

11. Flutningaþjónusta

Flutningaþjónusta (Transport services) skiptist í 9 flokka þjónustusviða, sem skiptast í 33 undirsvið. Á eftirfarandi yfirliti má sjá um hvaða svið er að ræða og í hvaða tilvikum Ísland tekst á hendur skuldbindingar.

Íslenskt heiti	**Enskt heiti**	**Skuldbinding**
A. SJÓFLUTNINGAR:	A. MARITIME TRANSPORT SERVICES:	
Farþegaflutningar	Passenger transportation	Já
Vöruflutningar	Freight transportation	Já
Viðhald og viðgerðir skipa	Maintenance and repair of vessels	Nei
Þjónusta við að ýta og draga	Pushing and towing services	Já
Stuðningsþjónusta tengd flutningum á sjó	Supporting services for maritime transport	Nei
B. FLUTNINGAR Á SKIPGENGUM VATNALEIÐUM:	B. INTERNAL WATERWAYS TRANSPORT	
Farþegaflutningar	Passenger transportation	Nei
Vöruflutningar	Freight transportation	Nei
Leiga skipa/báta með áhöfn	Rental of vessels with crew	Nei
Viðhald og viðgerðir skipa	Viðhald og viðgerðir skipa	Nei
Þjónusta við að ýta og draga	Pushing and towing services	Nei
Stuðningsþjónusta vegna flutninga á skipgengum vatnaleiðum	Supporting services for internal waterway transport	Nei
C. FLUTNINGAÞJÓNUSTA Í LOFTI:[8]	C. AIR TRANSPORT SERVICES:	
Farþegaflutningar	Passenger transportation	Nei
Vöruflutningar	Freight transportation	Nei
Leiga flugvéla ásamt áhöfn	Rental of aircraft with crew	Nei
Viðhald og viðgerðir flugvéla	Maintenance and repair of aircraft	Já
Stuðningsþjónusta við flutninga í lofti	Supporting services for air transport	Nei
D. GEIMFLUTNINGAR	D. SPACE TRANSPORT	Nei
E. FLUTNINGAR MEÐ JÁRNBRAUTUM:	E. RAIL TRANSPORT SERVICES:	

[8] Skv. viðauka GATS-samningsins um flutningaþjónustu í lofti (Air transport services) takmarkast skuldbindingar ríkja á því þjónustusviði við þjónustu við viðhalds og viðgerða á flugvélum og flugvélahlutum (Maintenance and repair of aircraft and parts thereof), sölu- og markaðsstarfsemi (sales and marketing) og tölvufarskráningarkerfi (computer reservation systems). Ísland skuldbindur slíka þjónustu, með tilteknum takmörkunum sem gerð er grein fyrir er hér að neðan.

Farþegaflutningar	Passenger transportation	Nei
Vöruflutningar	Freight transportation	Nei
Þjónusta við að ýta og draga	Pushing and towing services	Nei
Viðhald og viðgerðir á tækjum vegna búnaðar vegna lestaflutninga	Maintenance and repair of rail transport equipment	Nei
Stuðningsþjónusta við flutningaþjónustu með lestum	Supporting services for rail transport services	Nei
F. FLUTNINGAR Á VEGUM:	F. ROAD TRANSPORT SERVICES:	Já
Farþegaflutningar	Passenger transportation	Já
Vöruflutningar	Freight transportation	Já
Útleiga ökutækis í atvinnuskyni ásamt ökumanni	Rental of commercial vehicles with operator	Já
Viðhald og viðgerðir á tækjum vegna búnaðar vegna vegaflutninga	Maintenance and repair of road transport equipment	Já
Stuðningsþjónusta við flutningaþjónustu á vegum	Supporting services for road transport services	Já
G. FLUTNINGUR UM LEIÐSLUR:	G. PIPELINE TRANSPORT:	
Flutningur á eldsneyti	Transportation of fuels	Nei
Flutningur á öðrum vörum	Transportation of other goods	Nei
H. STOÐÞJÓNUSTA VIÐ ALLAR TEGUNDIR FLUTNINGA	H. SERVICES AUXILIARY TO ALL MODES OF TRANSPORT:	
Þjónusta vegna meðhöndlunar á farmi[9]	Cargo-handling services	Já
Geymslu og vöruhúsaþjónusta	Storage and warehouse services	Já
Vöruflutningamiðlun	Freight transport agency services	Já
Önnur	Other	Já
Önnur flutningaþjónusta	Other Transport Services	Já

Eftirfarandi takmarkanir eru tilgreindar á skuldbindingum á einstökum sviðum/undirsviðum sem skuldbundin eru samkvæmt framansögðu:

Sjóflutningar (farþega- og vöruflutningar):
*Markaðsaðgangur og jafnræði:*Ekki teknar skuldbindingar vegna stofnunar skráðra félaga til að starfrækja skip undir íslenskum fána (háttur 3).

Flutningaþjónusta í lofti (viðhald og viðgerðir flugvéla):
Markaðsaðgangur og jafnræði: Tilgreint er að ekki séu teknar skuldbindingar varðandi slíka þjónustu sem veitt sé yfir landamæri frá öðru landi, þar sem ekki sé tæknilega framkvæmanlegt að veita þjónustuna með þeim hætti (háttur 1).

Flutningaþjónusta í lofti (sölu- og markaðsstarfsemi):
Jafnræði: Tilgreint að ekki séu teknar skuldbindingar vegna miðlunar á flutningaþjónustu í lofti sem veitt sé í gegnum tölvufarskráningarkerfi frá móðurflugfélagi (hættir 1 og 3) [ath. þýðingu]

Flutningaþjónusta í lofti (tölvufarskráningarkerfi):
*Jafnræði:*Tilgreint að ekki séu teknar skuldbindingar vegna móðurflugfélags eða aðildarflugrekenda hvað varðar tölvufarskráningarkerfi undir stjórn flugrekanda frá einu eða fleiru þriðja ríki (hættir 1 og 3).

[9] Skuldbinding einungis tekin vegna slíkrar þjónustu hvað varðar sjóflutninga.

Farþegaflutningar á vegum:
Markaðsaðgangur: Leyfisskilyrði vegna landflutninga á vegum. Setja má fjöldatakmarkanir eða veita einkaleyfi á tilteknum svæðum eða leiðum (hættir 3 og 4).

Stoðþjónusta við allar tegundir flutninga (geymslu og vöruhúsaþjónusta):
Markaðsaðgangur og jafnræði: Tilgreint er að ekki séu teknar skuldbindingar varðandi slíka þjónustu sem veitt sé yfir landamæri frá öðru landi (háttur 1), þar sem ekki sé tæknilega framkvæmanlegt að veita þjónustuna með þeim hætti.

12. Önnur þjónusta ekki tilgreind annars staðar

Önnur þjónusta ekki tilgreind annars staðar (Other services not included elsewhere) er síðasti flokkur þjónustusviða og er ekki um frekari uppskiptingu að ræða innan þessa flokks. Ísland tekst ekki á hendur skuldbindingar fyrir þennan flokk þjónustuviðskipta.